

Dagskrá og tillögur fyrir aðalfund Hampiðjunnar er haldinn verður 20. mars 2026 kl. 16:00 að Skarfagörðum 4, Reykjavík,

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemina árið 2025.
2. Staðfesting ársreiknings og ráðstöfun hagnaðar reikningsársins 2025.
3. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna og undirnefnda stjórnar.
4. Tillaga félagsstjórnar um starfskjarastefnu félagsins.
5. Kosning stjórnar félagsins.
 - a. Kosning formanns.
 - b. Kosning fjögurra meðstjórnenda.
6. Tillaga stjórnar um utanaðkomandi nefndarmann í endurskoðunarnefnd.
7. Kosning endurskoðunarfélags.
8. Önnur mál, löglega upp borin.

Tillögur:

Um greiðslu arðs:

Stjórn félagsins leggur til að á árinu 2026 vegna rekstrarársins 2025 verði greiddar 0,44 kr. á hlut í arð til hluthafa, eða 275 milljónir ISK. Arðurinn verði greiddur í viku 23.

Síðasti viðskiptadagur þar sem arður fylgir bréfunum er 20. mars 2026, þ.e. viðskipti sem fara fram á þeim degi koma fram í hlutaskrá félagsins á arðsréttindadeginum 24. mars 2026.

Arðleysisdagurinn er 23. mars 2026.

Um þóknun til stjórnarmanna:

Þóknun til stjórnarmanna verði 400.000 kr. á mánuði, formaður fái þrefaldan hlut.

Þóknun til nefndarmanna í endurskoðunarnefnd skal nema 120.000 kr. á mánuði, formaður fái 200.000 kr. á mánuði.

Um starfskjarastefnu:

Stjórn félagsins leggur til að núverandi starfskjarastefna félagsins, sem samþykkt var á síðasta aðalfundi, muni gilda óbreytt. Starfskjarastefnan er í samræmi við 79. gr. a hlutafélagalaga nr. 2/1995.

Tillaga að starfskjarastefnu ásamt greinargerð er meðfylgjandi í viðauka.

Um utanaðkomandi nefndarmann í endurskoðunarnefnd:

Jóhann Gunnar Jóhannsson

Um endurskoðunarfélag:

PricewaterhouseCoopers ehf. verði kjörið til næsta árs.